




7. ágúst 1996

Nr. 458

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Vestur-Húnavatnssýslu.

I. KAFLI

Stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 6 21. mars 1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., sbr. breytingu með lögum nr. 108/1988, hefur héraðsnefnd yfirstjórn allra fjallskilamála, en hreppsnefndir annast alla stjórn og framkvæmd á þeim, hver á sínu svæði.

2. gr.

Fjallskiladeildir í Vestur-Húnavatnssýslu eru:

1. Fjallskiladeild Þorkelshólshrepps.
2. Fjallskiladeild Þverárhrepps.
3. Fjallskiladeild Kirkjuhvammshrepps.
4. Upprekstrarfélag Miðfirðinga.
5. Fjallskiladeild Staðarhrepps.

Heimilt er að tvö eða fleiri sveitarfélög myndi fjallskiladeild. Fara þá viðkomandi hreppsnefndir sameiginlega með stjórn fjallskilamála í deildinni, þ.e. upprekstrarfélaginu og er ætíð við það miðað í samþykkt þessari. Nánari fyriræli um samstarf þetta má gera með samningi sem héraðsnefnd staðfestir.

3. gr.

Hver fjallskiladeild færir sérstakt bókhald og hefur sér sjóð, fjallskilasjóð. Til hans falla allar innborganir vegna fjallskilamála, þar með talið andvirði óskilafjár, og úr honum greiðist allur útlagður kostnaður við þau, samkvæmt samþykkt þessari og ákvæðum viðkomandi fjallskilastjórnar. Fjallskilasjóðsreikningar skulu endurskoðaðir árlega á sama hátt og sveitarsjóðsreikningar.

II. KAFLI

Um rekstur til afrétta og meðferð afréttarfjár.

4. gr.

Upprekstrarrétt eiga þeir einir sem hafa afnot af jörð eða jarðahluta innan takmarka upprekstrarfélagsins. Þessi réttur er óframseljanlegur og er öllum óheimilt að taka til upprekstrar sauðfé eða hross af öðrum, nema með samþykki viðkomandi hreppsnefndar sem tekur þá hagagjald fyrir. Þó hafa ábúendur upprekstrarrétt fyrir fjallskilaskyldan fénað heimilismanna sinna.

5. gr.

Upprekstur á afrétt hrepps eða upprekstrarfélags fari eigi fyrir fram á vorum en hreppsnefnd heimilar og með þeim takmörkunum sem hún ákveður og lög leyfa. Heimild til upprekstrar skal hreppsnefnd veita að fengnu áleti gróðurverndarnefndar. Rekstri til afréttar skal haga þannig, að sem minnstur bagi verði að í heimalöndum og þess gætt að skepnur verði ekki fyrir ónæði eða óþarfri styggð. Komi fénaður saman við rekstur, skal hann skilinn úr svo fljótt sem unnt er. Gildir það jafnt um rekstur til og frá afrétti.

6. gr.

Nú verða mikil brögð að ágangi búfjár úr afrétti í heimahaga og getur þá sá er fyrir verður gert sveitarstjórn aðvart. Skal hún þá, ef um verulegan eða óeðlilegan ágang virðist að ræða, skipa fyrir um smölun ágangspenings og rekstur til afréttar eða skilaréttar. Kostnaður greiðist úr fjallskilasjóði þess hrepps eða hreppa er afrétt þann nota er ágangspeningur kom frá. Sama gildir um kostnað við smölun og rekstur búfjár sem stendur við afréttargirðingu.

7. gr.

Eigi má ónáða fé í afréttinum að þarflausu og ekki taka þaðan búpening, nema leyfi hreppsnefndar komi til. Hreppsnefnd skal fylgjast með gróðurfari á afréttinum og njóti hún til

Þess liðsinnis gróðurverndarnefndar sýslunnar. Þá ber hreppsnefnd að fylgjast með, hvort fénaður safnast svo að afréttargirðingum að tjón verði á landi. Beri það til, skal bót á ráða, með rekstri inn á afréttinn, nema mjög sé á sumar liðið, þá með smölun til réttar. Skal þá farið með eftir atvikum sem göngur væru.

III. KAFLI Um fjallskil.

8. gr.

Hreppsnefnd skal semja skrá yfir tölu sauðfjár og hrossa í hreppnum eftir síðustu forðagæsluskýrslu og skal hún lögð til grundvallar fjallskilum að því leyti sem búfjáreign myndar fjallskilagjöld. Verði kaup eða sala á fjallskilaskyldu búfé eða verulegar breytingar á búfjártölu af öðrum orsökum skulu eigendur tilkynna það hreppsnefnd fyrir 10. ágúst. Ber að taka allt slíkt til greina í skýrslunni. Sé veittur afsláttur af fjallskilum, hvort sem er vegna hrossa eða sauðfjár, er heimilt að miða við tölu búfjár sem kemur af afrétti.

9. gr.

Fjallskilaskyld er allt sauðfé og hross, veturgömul og eldri, þó ekki brúkunarhross, allt að fimm á eiganda, enda gangi þau í heimahögum. Þó er heimilt að fella niður fjallskil ef um fleiri brúkunarhross er að ræða og skal þá eigandi sækja um það til hreppsnefndar fyrir 10. ágúst. Hver fjallskilaskyldur maður skal leggja til fjallskila á þann hátt sem hreppsnefnd ákveður. Allan fjallskilakostnað upprekstrarfélagsins skal meta til peningaverðs, þannig að jafnhátt gjald komi á hverja sauðkind og jafnhátt á öll hross. Hross skal meta jafnt og eina til sex sauðkindur. Telji hreppsnefnd að hross skuli bera meiri kostnað hlutfallslega, getur hún leitað samþykkis héraðsnefndar til þess. Heimilt er hreppsnefnd að leggja allt að helming áætlaðs kostnaðar fjallskilasjóðs á landverð allra jarða í hreppnum, þar með taldar eyðijarðir, án verðs ræktaðs lands og hlunninda, miðað við gildandi fasteignamat á hverjum tíma. Hreppsnefnd er heimilt að fella niður fjallskil á allt að 3/4 af fjallskilaskyldum peningi, sauðfé og hrossum, annarri tegundinni eða báðum, sem gengur í öruggri girðingu. Fjallskil skulu innt af hendi í vinnu, eftir því sem þörf krefur og hreppsnefnd ákveður, ella goldin í peningum. Vinnu skal meta til peningaverðs sem næst gildandi meðalkauptaxta. Mönnum búsettum utan upprekstrarfélagsins er óheimilt að reka búfé á afrétt og ógirt heimalönd, nema með leyfi viðkomandi hreppsnefnda, eða þeir hafi þar jörð til afnota. Heimilt er hreppsnefnd að leggja allt að 50% hærra fjallskilagjald á búfé manna sem lögheimili eiga utan upprekstrarfélagsins og hafa þar ekki landsnytjar.

10. gr.

Skyldur er hver eigandi búfjár að gera full fjallskil í þann hrepp sem búfé hans er framfleytt árlangt, enda sé það skráð þar á forðagæsluskýrslu. Nú notar einhver til upprekstrar annan afrétt eða heimaland en þau lönd þar sem honum ber upprekstur og skal hann þá gera þar full fjallskil. Þó hafa upprekstrarfélög heimild til að gera um þetta sérstaka samninga. Húsráðendur skulu inna af hendi fjallskil fyrir heimafolk sitt.

11. gr.

Þar sem tveir eða fleiri hreppar nota sömu afrétti, skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir eiga fund með sér fyrir 20. ágúst til þess að semja um hvernig fjallgöngum skuli hagað. Oddviti í þeim hreppi þar sem aðalrétt stendur, kveður til þess fundar. Skal þá hver hreppsnefnd leggja

fram skýrslu um fjallskilaskyldan fénað manna í hreppnum skv. 8. gr. Verði ekki samkomulag um sameiginlega niðurjöfnun fjallskila, skal skipta þeim á milli hreppanna í réttu hlutfalli við fjallskilaskyldan fénað hvors um sig.

12. gr.

Fjallgöngur á afréttum og víðlendum heimalöndum þar sem afréttarpeningur gengur að jafnaði, skulu vera tvennar hvert haust, en þó aðeins einar eða tvennar í Vatnsnesfjalli (heimaland). Heimilt er þó hreppsnefndum í fjárskiptahólfi Miðfjarðar og Staðarhrepps að láta aðra leit fara fram með aðstoð leitarflugs. Skylt er að fjallleitir séu tryggilega framkvæmdar. Gangnadagana er bannaður allur heimrekstur og sundurdráttur á afréttarpeningi á einstökum bæjum. Gangnatíma ákveða hreppsnefndir í samráði við aðliggjandi sveitarfélög og eftir því sem nauðsyn er, vegna gróðurfars afréttanna og annarra ástæðna, en fyrri réttum skal lokið eigi síðar en síðasta laugardag fyrir 16. september, en þó verði hrossarétt í Víðidalstungurétt fyrsta laugardag í október.

13. gr.

Allri skylduvinnu og öðrum kostnaði við fjallskil skal hreppsnefnd jafna niður á búfjáreigendur í tæka tíð. Athugasemdir við niðurjöfnunina skal bera fram skriflega fyrir oddvita hreppsnefndar fyrir 20. október.

14. gr.

Hreppsnefnd kveður hreppsbúa með gangnaboði til fjallskila í tæka tíð fyrir göngur. Í gangnaboðinu skal tilgreina nákvæmlega, hvað hverjum ber að leggja til fjallskila það haust. Ef einhver vanrækir að gera fjallskil sem honum ber skal hann greiða samsvarandi kostnað, auk sektar í fjallskilasjóð, allt að helmingi af matsverði fjallskilanna.

15. gr.

Hreppsnefndir skipa gangnastjóra fyrir hvern gangnaflokk. Hann skipar fyrir um tilhögun leitar og stjórnar henni. Skal hann sjá um að fjársöfnin séu rekin til réttar og kveðja menn til að gæta safnsins þar til fénaður er kominn í náttuga eða vökumenn hafa tekið við honum. Hver gangnamaður er skyldur að hlýða gangnastjóra sínum. Gangnastjóra skal greiða sanngjarna þóknun fyrir gangnastjórnina.

16. gr.

Gangnastjóri skal minna gangnamenn á að fara vel með sauðfé og hross í göngunum. Finnist sauðfé og hross sem ekki verður komið lifandi til réttar, skal gangnastjóri ákveða hverju sinni hversu með skuli fara. Óheimilt er að aflífa skepnur í leitum án fyrirsagnar gangnastjóra eða eftir umboði hans nema brýna nauðsyn beri til, svo sem ef skepna er mikið slösuð eða sjúk. Skylt er gangnastjóra að hafa meðferðis skotvopn í leitum. Hann skal sjá um að greinilega sé skráð mark þeirra kinda og hrossa sem lógað er, svo og önnur einkenni, svo sem kyn, litur og merki. Slíkri greinargerð skilar gangnastjóri til oddvita upprekstrarfélagsins þegar leitum er lokið.

17. gr.

Ef veður eða aðrar ástæður hamla göngum eða torvelda fulla gagnsemi þeirra, að dómi gangnastjóra fyrir einum eða fleiri leitarflokkum samliggjandi leitarsvæða, skal þeim frestað

yfir svæðið í heild. Skulu hreppsnefndir annast um að gangnastjórar geti haft samráð með sér, eftir því sem nauðsyn krefur, áður en göngur hefjast. Kostnaður við þær ráðstafanir greiðist úr fjallskilasjóði. Verði gangnamenn sem komnir eru saman til leita eða lagðir upp í leit frá að hverfa, ber þeim þóknun úr fjallskilasjóði, en skyldir eru þeir að mæta til gangna þegar þeir eru tilkvaddir.

18. gr.

Ef gangnastjóri telur að gangnamaður sé vanhæfur til starfsins, þá ber honum ekki skylda að taka hann gildan. Ber þeim er gangnamanninn sendi að senda annan í hans stað eða greiða fjallskilin að fullu. Ef gangnamaður reynist vanhæfur, t.d. sökum ölvunar, að mati gangnastjóra er heimilt að láta hann greiða fjallskilin að fullu. Engan má senda í göngur yngri en fimmtán ára, nema leyfi gangnastjóri komi til.

19. gr.

Ef fjallskilaskyldur maður hefur engan hæfan mann til gangna og getur ekki útvegað hann, skal hann tilkynna það skriflega hreppsnefnd minnst sex dögum áður en fjallgöngur eiga að hefjast og borgar hann þá að fullu manni þeim sem hreppsnefnd ræður til starfsins, svo og allan kostnað því samfara, þó ekki yfir hálft annað matsverð fjallskilanna.

20. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um að til séu á afréttinum hentugir skálar fyrir gangnamenn og hesta þeirra, þar sem þess er þörf. Séu þeir búnir nauðsynlegustu tækjum, svo sem hitunar-tækjum o.fl. Ber að halda skálum þessum vel við ásamt öllum tækjabúnaði, sem ætíð sé til staðar yfir gangnatímann. Kostnaður sá er af þessu leiðir greiðist úr fjallskilasjóði.

IV. KAFLI

Um réttir og réttarstörf.

21. gr.

Aðalréttir eru:

1. Viðidalstungurétt.
2. Þverárrétt.
3. Hamarsrétt.
4. Miðfjarðarrétt.
5. Hrutatungurétt.

Aukaréttir:

Valdarásrétt.

22. gr.

Stjórnir fjallskiladeilda ákveða hver á sínu svæði hvaða lönd smala skuli til hvernar réttar. Rísi ágreiningur út af þeim sker héraðsnefnd úr.

23. gr.

Hreppsnefnd er skylt að sjá um byggingu rétta og viðhald þeirra. Nú koma hlutaðeigendur sér ekki saman um hvernig jafna skal niður kostnaði við að koma upp rétt og sker þá héraðsnefnd úr. Við hverja aðalrétt skal vera ómerkingadilkur og sérstakur dilkur fyrir sjúkt fé. Ennfremur skulu vera til nægilega margir dilkar fyrir fé úr öðrum sveitarfélögum.

24. gr.

Hreppsnefnd skal með gangnaboði skipa hæfa menn til að fara í réttir annarra sveita til að hirða þar sauðfé og hross hreppsbúa. Þeir sem til eru valdir mega eigi allir yfirgefa rétt fyrr en störfum er þar að fullu lokið og úrskurðað hefur verið um óskilapening.

25. gr.

Hreppsnefndir skulu skipa réttarstjóra og tvo marklýsingarmenn við hverja aðalrétt og aukarétt. Skal greiða þeim fyrir störf þeirra úr fjallskilasjóði. Þeir skulu vera komnir í tæka tíð hvern réttardag. Réttarstjóri skipar fyrir um hvernig búfjárdrætti skal haga og heldur mönnum til starfa. Hann bannar og óreglu, er veldur hindrun við réttarstörf. Óhlýðnist nokkur í réttinni skipunum hans varðar það sektum. Marklýsingarmenn skulu skera úr um vafamörk, skoða og úrskurða mörk á óskilapeningi.

26. gr.

Réttarstjóri skal láta taka allar sjúkar kindur og kindur úr öðrum fjárskiptahólfum úr safninu strax og þeirra verður vart og einangra þær. Hann skal og annast um að ómörkuð lömb séu hirt í réttinni og dregin í sér dilk, svo eigendum gefist kostur á að láta lambamæður helga sér þau. Helgi hryssur eða ær sér ekki ómerkinga, eru þeir eign viðkomandi fjallskilasjóds nema að ótvírætt vottorð óvilhallra manna liggi fyrir um eiganda.

27. gr.

Frá hverri aukarétt skulu kvaddir menn til að koma úrtúningi tafarlaust til aðalréttar svo að hann sé þangað kominn áður en sundurdrætti er lokið.

28. gr.

Í fyrstu göngum skal ásamt sauðfé smala hrossum af afréttum. Skal haga sundurdrætti og hirðingu hrossa í réttum á sama hátt og sauðfé að svo miklu leyti sem við getur átt. Á meðan á réttum stendur skal réttarstjóri gæta þess að hryssum gefist kostur á að helga sér ómörkuð folöld og kappkosta að öðru leyti að haga allri meðferð á hrossum þannig að ekki hljótist slys af. Ómörkuð folöld sem engin hryssa helgar sér skulu boðin upp og seld að aflokinni rétt. Skulu þau seld með tólf vikna innlausnarfresti.

29. gr.

Heimilt er hreppsnefndum að skipa fyrir um almenna smölun og skil á hrossum ef sérstakar ástæður mæla með. Við skil á hrossum skulu hreppsnefndir, hver fyrir sig, annast um hirðingu fjallskilaskyldra hrossa úr sínu upprekstrarfélagi í nærliggjandi hreppum.

V. KAFLI

Um hreinsun heimalanda og fjárskil.

30. gr.

Ábúanda eða eiganda er skylt að smala land sitt svo oft sem hreppsnefnd fyrirskipar, þótt hann eigi ekki fjárvon sjálfur. Geri hann það ekki skal hreppsnefnd láta smala landið á kostnað eiganda. Skilarétt skal halda haust hvert og á þeim stað og tíma sem hreppsnefnd ákveður.

31. gr.

Í fjalllendi eins og Vatnsnesfjalli skal síðasta fjárhreinsun á haustin fara fram með flokkaleit er kemur þá í stað smölunar. Til leitar leggja landráðendur eftir fyrirmælum hreppsnefndar. Hafi hreppsnefndir samliggjandi sveitarfélaga samráð með sér um leitar dag. Hreppsnefnd ákveður leitar svæði og tilnefnir leitarstjóra. Stjórnar hann leitinni á sínu svæði. Leitarstjórar hafi samráð sín á milli um tilhögun leitar, svo misgöngur verði ekki milli leitar svæða.

32. gr.

Hafi aðkomufé komið að eftir tilskipaðar réttir skal tilkynna eiganda um það og ráðstafar hann þá fé sínu. Ber landráðanda eða þeim sem smölun annast að láta eiganda búfjárins í té þá aðstoð sem unnt er. Ráðstafi eigandi ekki fé sínu skal það þá tilkynnt hreppsnefnd sem ráðstafar fénu.

33. gr.

Hreppsnefnd er heimilt, ef eigendur eða ábúendur jarða í hreppnum telja sig verða fyrir tilfinnanlegum ágangi innansveitar eða utansveitar búpenings í heimalandi eða löndum og ekkert leyfi eða heimild er fyrir, að fyrirskipa smölun á stærra eða minna svæði í sveitinni, þegar henni þykir þurfa, og reka til almenningsréttar. Þar er eigendum skylt að hirða fénað sinn. Þegar hreppsnefnd fyrirskipar slíka smölun, er hér um ræðir, skal henni skylt, áður en smölun fer fram, að birta ráðstöfun sína í nágrannahreppum, svo að búendum þar gefist kostur á að hirða fé sitt. Fénaður sem er sérstaklega áleitinn við girðingar, matjurtagarða og skrudgarða, skal eigandi hirða, þegar tilsagður er, setja í örugga vörslu eða farga honum. Sýni hann hirðuleysi í því efni, ber honum að bæta allt það tjón, sem fénaðurinn hefur valdið. Eiganda búfjár í þéttbýli er skylt að hafa fénað sinn í öruggri girðingu, sé hann innan þess svæðis sem skipulagt er.

VI. KAFLI

Um meðferð óskilapenings.

34. gr.

Þegar fjáðrætti er lokið í aðalréttum og eftir eru kindur sem teljast til úrtínings, skulu þær afhentar hreppstjóra í þeim hreppi sem aðalrétt stendur. Skal hann þá ásamt marklýsingarmönnum skoða og skrifa upp mark og einkenni á hverri kind, svo rétt og nákvæmlega sem framast má verða. Hreppstjóri skal síðan annast um að koma óskilafé sem ekki þekktist eða ekki er hirt í sláturhús.

35. gr.

Hreppstjóri kveður sér til tvo valinkunna menn til að skoða mörk og auðkenni óskilagrips eða kindar, sem fyrir kemur utan rétta, enda skal tafarlaust tilkynna hreppstjóra um allan óskilapening.

36. gr.

Komi óskilahross fyrir í réttum eða utan rétta á hvaða árstíma sem er, skal með farið eftir því sem við á samkvæmt 34. gr. Auglýsa skal hross og selja, hafi eigandi ekki gefið sig fram innan viku og sannað eignarrétt sinn. Hross skal selja með 12 vikna innlausnarfresti og jafnlöngum gjaldfresti og eru þau ekki í ábyrgð kaupanda, þótt misfarist, fyrr en að þeim

fresti liðnum, nema um sé að kenna skeytingarleysi hans eða handvömm. Hver sá sem gerir kröfu til óskilahrossa, sanni eignarrétt sinn svo að ekki verði um villst og greiði jafnframt allan áfallinn kostnað. Ákvæði þessarar greinar gilda eftir því sem við á um stóðhesta, sem seldir eru samkvæmt lögum um búfjárhald nr. 46/1991. Einnig gilda hér sömu ákvæði gagnvart nautgripum sem í óskilum eru.

37. gr.

Fyrir lok hvers árs skal hreppstjóri senda greinilega lýsingu á öllu óskilabúfé sem selt hefur verið eða fargað í hreppnum á árinu til birtingar í Lögbirtingablaði. Skal hann síðan annast um greiðslu, að fráðregnum kostnaði, á andvirði þess óskilabúfjár sem eigendur sanna eignarrétt sinn á. Geti enginn sannað eignarrétt sinn, fellur andvirðið til fjallskilasjóðs viðkomandi hrepps eða upprekstrarfélags. Allt óskilabúfé sem fargað er, skal lagt inn á sérreikning hreppstjóra, þannig að greiða megi verð hvers grips fyrir sig ef eigandi finnst.

VII. KAFLI

Um eftirleitir og björgunarlaun.

38. gr.

Finnist búfé eftir tilskipaðar leitir greiðist hæfileg þóknun fyrir samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar. Borgun til þeirra sem finna búfé greiðist úr fjallskilasjóði viðkomandi upprekstrarfélags. Fjallskilasjóður greiðir kostnað sem af því leiðir að sækja fjallskilaskyldan pening sem kemur fyrir í öðrum sveitum eftir réttir. Björgunarlaun fyrir fé sem næst úr ógöngum skal farið með eins og sagt er í VII. kafla laga um afréttamál, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.

VIII. kafli

Um mörk og markaskrár.

39. gr.

Búfé skal draga eftir mörkum. Það er skylda hvers búfjáreiganda að hafa glögg eymark á öllu fé sínu, brennimark á hyrndu fé eða plötumerki í eyra. Héraðsnefnd skal svo oft sem þurfa þykir og a.m.k. áttunda hvert ár, láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna. Skal sérhver markeigandi koma marki sínu í hana og borga fyrir það eftir því sem héraðsnefnd ákveður en hvert heimili skal fá ókeypis eitt eintak af markaskránni. Mark helgar markeiganda eignarrétt, nema full sönnun komi fyrir að annar eigi. Við sönnun á eign á búpeningi er frostmerking réthæst, þar næst brennimark, þá löggilt plötumerki og síðast eymamark. Eiganda réthærra marks er skylt að gera grein fyrir eignarrétti sínum, ef eigandi réttlægra marks krefst þess. Hross skulu eins og sauðfé hafa glögg markinkenni, er skráð sé í markaskrá sýslunnar.

40. gr.

Mörk ganga að erfðum. Gefa má mark, svo og selja. Taka má upp nýtt mark, gerðarmark. Tilkynni tveir eða fleiri fjáreigendur sama mark til prentunar, er erfðamark réthæst, síðan gjafamark, svo kaupamark og síðast gerðarmark. Aðfluttur maður skal breyta marki sínu þótt erfðamark sé, ef sammerkt er eða námerkt innan sýslu.

IX. KAFLI
Almenn ákvæði.

41. gr.

Heimilt er hreppsnefndum að gera samþykktir um varnargirðingu fyrir afréttarlöndum til varnar því að afréttarpeningur gangi ofan af afrétti eða sleppi á afrétt. Ennfremur til varnar því að afréttarpeningur gangi á víxl af einum afrétti á annan. Greiðslu kostnaðar við slíkar girðingar er heimilt að haga þannig að leggja að hálfu kostnað á landverð jarða og að hálfu á fjallskilaskyldan afréttarpening eða eftir því sem viðkomandi hreppsnefnd ákveður. Nánari ákvæði skal setja með samþykktum og skal fara með þær svo sem fyrir er mælt í girðingalögum nr. 10/1965. Séu fjallskilamál eða samþykktir fyrir afréttargirðingar til umræðu á almennum sveitarfundi hafa þar atkvæðisrétt allir búendur sem þar hafa jörð eða jarðahluta til afnota.

42. gr.

Nú verður verulegur ágangur sauðfjár eða hrossa frá einu sveitarfélagi í annað og getur þá það sveitarfélag er fyrir ágangi verður óskað eftir að hitt sveitarfélagið greiði bætur fyrir áganginn eða sendi menn í göngur, ef það er talið heppilegra miðað við gangnakostnað og usla í högum. Miða skal greiðslu við fjallskilakostnað á fullorðna kind í því sveitarfélagi sem féð gengur í og séu tvær kindur, sem til réttar koma, metin ein gjaldeining. Réttarstjóri skal sjá um að telja það fé sem til réttar kemur. Verði ágreiningur um gjaldtöku skulu viðkomandi hreppar tilnefna einn mann hver og sýslumaður einn mann í nefnd til að úrskurða endanlega um ágreiningsefnið.

43. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum refsheimildum. Renna sektir í fjallskilasjóð þess upprekstrarfélags sem brotið er framið í. Mál sem rísa út af brotum á samþykkt þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

44. gr.

Sýslumaður sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum. Þá heyra undir úrskurð hans allar kærur og kröfur á hendur sveitarstjórnnum, er snerta fjallskilamál. Ennfremur geta einstakir aðilar lagt slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslumanns.

45. gr.

Samþykkt þessi sem héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu nr. 392/1975, svo og breytingar á henni nr. 329/1976 og 97/1986.

Landbúnaðarráðuneytinu, 7. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.